

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri.

Klettaborg.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. júní 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettaborg 16-32. Breytingin felst í því að tvö austustu húsin á lóð B, sem áformuð voru sem tveggja hæða raðhús með samtals 9 íbúðum, verða fjölbýlishús með samtals 16 íbúðum, þar sem íbúðir á efri hæð sameinast tvær og tvær um útitröppur. Vegna fjölgunar íbúða eru felldir niður byggingarreitir fyrir bílskúra og bílastæðum fjölgað um 10, þ.e. úr 20 stæðum í 30. Byggingarreitir sjálfra húsanna dýpka úr 8 m í 10,5 m.

Orlofshúsabyggð í Búðargili.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 10. desember 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi orlofshúsabyggðar í Búðargili. Breytingin felst í því að mænishæð orlofshúsa á orlofshúsasvæði í Búðargili austan við Þórunnarstræti, verði 4,7 m í stað 5 m.

Sandgerðisbót.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. júní 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Sandgerðisbót. Breytingin felst í því að bætt er við einni lóð, nr. 31 við Óseyri, og er hún ætluð undir verbúð. Verbúðin verði með sama lagi og þær sem fyrir eru á lóðum nr. 21-29 að öðru leyti en því að hún verður styttri vegna landslagsaðstæðna.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 22. júlí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.